

Rannsóknarleyfi á heitu og köldu vatni á Keilisnesi

Í samræmi við 4. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, veitir Orkustofnun hér með Íslenskri matorku ehf., kt. 480210-0930, hér eftir nefndur leyfishafi, rannsóknarleyfi á heitu og köldu vatni á Keilisnesi í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd, í Sveitarfélaginu Vogum.

Við undirbúning að útgáfu leyfis þessa var leitað umsagnar umhverfissráðuneytis í samræmi við 4. mgr. 5. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998. Einnig var með vísan til 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993 leitað umsagnar landeigenda, forsætisráðuneytisins og Sveitarfélagsins Voga og einnig HS Veitna hf., sem meints aðila máls.

1. gr.

Almennt

Leyfið felur í sér heimild til handa leyfishafa til að leita að heitu og köldu vatni og framkvæma mælingar og rannsóknir á viðkomandi svæði á leyfistímanum í samræmi við rannsóknaráætlun, sbr. 3. gr. leyfisins.

Leyfið felur ekki í sér heimild til nýtingar á heitu eða köldu vatni á umræddu svæði né forgang til slíkrar nýtingar.

2. gr.

Gildistími

Leyfið gildir frá 1. júní 2012 til 30. júní 2013.

Rannsóknir leyfishafa eða undirbúningur þeirra skal hefjast innan tveggja mánaða frá útgáfu leyfis og ljúka fyrir 30. júní 2013.

3. gr.

Rannsóknaráætlanir

Leyfishafa ber að haga rannsóknnum á leyfissvæðinu í samræmi við innsend gögn. Hann skal árlega gera Orkustofnun grein fyrir niðurstöðum rannsókna og gera jafnframt grein fyrir endurskoðun á áætlun um rannsóknir sínar á leyfissvæðinu ef um veruleg frávik er að ræða frá upphaflegri áætlun eða rannsóknir auknar frá því sem gert var ráð fyrir í rannsóknaráætlun.

Leita skal samþykkis Orkustofnunar ef verulegar breytingar verða á gildandi rannsóknaráætlun.

4. gr.

Staðarmörk svæðis

Leyfið tekur til svæðis á Keilisnesi í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd og afmarkast af rannsóknnum á borstöðum og svæði kringum borholur sem staðsettar eru með eftirfarandi hnitum (ÍSN93) og sýndar er á meðfylgjandi korti (fskj. 2) :

	X ÍSN 93	Y ÍSN 93
Kaldavatnshola 50 m radíus umhverfis punkta	340894	394630
Heitavatnshola 25 m radíus umhverfis punkta	339970	395165

Mörk rannsóknarsvæðisins miðast við það sem eðlilegt þykir miðað við umfang framkvæmdar og tilgang rannsókna, að bora leitarholur eftir heitu og köldu vatni.

5. gr.

Mat á umhverfisáhrifum, skipulag og starfsleyfi

Framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu kunna, eftir atvikum, að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 106/2000. Rannsóknarleyfi þetta er háð því að farið hafi verið að framangreindum lögum áður en fyrirhugaðar framkvæmdir á rannsóknarsvæðinu hefjast. Aðrar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa kunna, eftir atvikum, að vera háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsskyldar framkvæmdir á vegum leyfishafa skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir, sbr. skipulagslög nr. 123/2010.

Leyfishafi skal aflla starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd vegna jarðborana, sbr. reglugerð nr. 785/1999.

6. gr.

Réttindi leyfishafa

Landeiganda eða umráðamanni lands er skylt að veita leyfishafa óhindraðan aðgang að eignarlandi því sem í hlut á og ber landeiganda eða umráðamanni að hlíta hvers konar afnotum af landi, takmörkun á umráðarétti og óþægindum sem nauðsynleg eru vegna rannsókna í samræmi við leyfi þetta, sbr. 1. og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 57/1998.

7. gr.

Skyldur leyfishafa

Við rannsóknir samkvæmt leyfi þessu skal leyfishafi gæta þess að framkvæmdir valdi hvorki mönnum, munum né búpeningi hættu eða skaða. Jafnframt skal leyfishafi gæta þess að valda ekki mengun og spjöllum á lífríki að óþörfu. Þá skal leyfishafi forðast eins og kostur er að skerða heildarsýn náttúruminja og náttúrufars á svæðinu, sbr. ákvæði 8. gr. leyfisins.

Leyfishafi skal við framkvæmdir á sínum vegum, sem ætla má að hafi áhrif á nýtingu annarra aðila, taka tillit til og hafa samráð við aðila sem stunda nýtingu í nágrenni rannsóknarsvæðisins.

8. gr.

Vernd og frágangur starfsstöðva og svæðis

Um vernd rannsóknarsvæðis gilda, auk laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, lög um náttúruvernd, nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna. Leyfishafa ber í hvívetna að fara að lögum í umgegni um rannsóknarsvæðið.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Borholum skal loka tryggilega þannig að jarðvatn spilli ekki jarðhita eða að yfirborðsvatn spilli ekki grunnvatni og merkja holuna. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggi ekki framtíðarnotkun jarðhita á svæðinu.

Leyfishafi skal fjarlægja á sinn kostnað öll mannvirki og skilja við svæðið, svo sem kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Þá skal leyfishafi standa þannig að framkvæmdum að þær hafi sem minnst rask í för með sér og skerði ekki verndargildi svæðisins og að gætt verði að sjónrænum áhrifum við gerð borastöðu.

9. gr.

Eftirlit

Orkustofnun hefur, samkvæmt 21. gr. laga nr. 57/1998 eftirlit með framkvæmd leyfis þessa. Áður en leyfishafi hefur rannsóknir á grundvelli leyfis þessa skal hann gera samkomulag við Orkustofnun um eftirlit þar sem gera skal grein fyrir umfangi eftirlits og kostnaði við það. Nota skal innra eftirlit leyfishafa eftir því sem nokkur kostur er. Náist ekki samkomulag milli aðila um framkvæmd eftirlits kveður iðnaðarráðherra nánar á um umfang þess.

Verði settar reglur um framkvæmd eftirlits með rannsóknar- og nýtingarleyfum á gildistíma leyfisins skulu þær gilda um eftirlit með framkvæmd þessa leyfis.

Orkustofnun skal hafa samráð við Umhverfisstofnun og aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur varðandi framkvæmd eftirlits.

Leyfishafi greiðir allan kostnað af eftirliti samkvæmt samningi.

10. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda

Leyfishafi skal 1. maí ár hvert og við lok leyfistíma senda Orkustofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um niðurstöður rannsókna ásamt upplýsingum um eðli og umfang auðlindarinnar. Leyfishafi skal að öðru leyti fara að ákvæðum 22. gr. laga nr. 57/1998 varðandi upplýsingagjöf og tilkynningarskyldu.

Nánar er kveðið á um þessi atriði í Viðauka I, við rannsóknarleyfi þetta.

Upplýsingar, sem rannsóknarleyfishafi veitir Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt auðlindaöggum um rannsóknir svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, eru bundnar trúnaði á gildistíma leyfisins, svo og á gildistíma nýtingarleyfis, komi til útgáfu slíks leyfis.

Verði nýtingarleyfi gefið út til leyfishafa í kjölfar þessa leyfis fellur trúnaðarskylda varðandi framangreind gögn niður fimm árum eftir að gildistíma leyfisins lýkur, og er þá Orkustofnun heimilt að láta umrædd gögn í té og/eða nýta þau í þágu frekari leyfisveitinga.

11. gr.

Skaðabótaskylda

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Áður en leyfið er veitt skal leyfishafi sýna fram á að hann hafi tryggingu hjá viðurkenndu tryggingafélagi vegna tjóns sem kann að hljóta af starfsemi hans almennt.

12. gr.

Framsäl

Leyfi þetta verður ekki framselt né má setja það til tryggingar fjárskuldbindingum nema með leyfi Orkustofnunar, sbr. 32. gr. laga nr. 57/1998.

13. gr.

Afturköllum

Orkustofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi fylgir ekki þeim skilmálum sem settir eru í leyfi þessu eða lögum og reglugerðum sem það byggir á, sbr. 20. gr. laga nr. 57/1998 eða samningum sem tengjast leyfinu.

Verði eftirlitsaðili var við brot leyfishafa á lögum, reglugerðum eða ákvæðum leyfis þessa skal hann þá veita leyfishafa skriflega aðvörun og frest til úrbóta. Sinni leyfishafi ekki slíkri aðvörun skal afturkalla leyfið. Sama á við ef vikið er frá samkomulagi skv. 9. gr. leyfisins.

14. gr.

Önnur leyfi

Leyfi þetta er háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Um rannsóknir samkvæmt leyfinu gilda auk laga nr. 57/1998, náttúruverndarlög, nr. 44/1999, skipulagslög, nr. 123/2010, þjóðminjalög, nr. 107/2001 auk annarra laga er varða rannsóknir á jarðrænum auðlindum.

Leyfi þetta undanþiggur ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum nr. 57/1998 eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.


Áður en framkvæmdir hefjast skulu önnur leyfi sem lög kveða á um liggja fyrir, svo sem framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi viðkomandi sveitarstjórnar, sbr. ákvæði skipulagslaga, nr. 123/2010..

15. gr.

Leyfisgjald

Leyfishafi skal greiða kr. 41.500 gegn afhendingu leyfisbréfs þessa, sbr. 34. tölul. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum.

Reykjavík, 29. maí 2012



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Fylgiskjöl:

1. Viðauki I. Skil á gögnum til Orkustofnunar vegna rannsóknar-, nýtingar- og virkjunarleyfa jarðhita.
2. Rannsóknaráætlun.
3. Kort af rannsóknarsvæðinu.

SKIL Á GÖGNUM VEGNA JARÐBORUNAR EFTIR HEITU EÐA KÖLDU VATNI

INNGANGUR

Samkvæmt 18. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 (auðlindalaga), skal í rannsóknar- og/eða nýtingarleyfi tilgreina upplýsinga- og tilkynningaskyldu leyfishafa, þar með talda skyldu til afhendingar á sýnum og gögnum og hvernig hún skuli innt af hendi.

Orkustofnun leggur ríka áherslu á að safna gögnum er varða jarðrænar auðlindir enda er eitt af lögbundnum hlutverkum stofnunarinnar að safna gögnum um orkulindir og aðrar jarðrænar auðlindir, nýtingu þeirra og orkubúskap landsmanna, varðveita þau og miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um Orkustofnun, nr. 87/2003. Til að sinna þessu hlutverki sínu er Orkustofnun heimilt að krefjast gagna sem varða nýtingu á jarðrænum auðlindum, orkuvinnslu og orkunotkun. Skylt er þeim sem stunda atvinnurekstur er varðar framangreint að afhenda stofnuninni nauðsynleg gögn innan frests sem hún tilgreinir, sbr. 5. mgr. 2. gr. laganna.

Orkustofnun vekur athygli á að í 3. mgr. 1. gr. auðlindalaga segir að um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögnum gilda einnig náttúruverndarlög, skipulagslög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða. Skipulagsstofnun ákveður hvort rannsóknarborun þurfi mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsyfirlögd á hverjum stað ákveða skipulag þess svæðis sem ætlunin er að rannsaka. Þá eru rannsóknarboranir háðar ýmsum leyfum sveitarfélaga, s.s. starfsleyfi, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Þá kann rannsóknarleyfishafi eftir atvikum að þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúrumínum.

MARKMIÐ EFTIRLITS

Markmið eftirlits Orkustofnunar með jarðborunum fyrir heitu eða köldu vatni er að fylgjast með rannsóknum og vinnslu auðlinda þannig að nýting verði sem best þegar til lengri tíma er litið, sbr. 25. gr. auðlindalaga. Einnig skal Orkustofnun hafa eftirlit með umgengni við auðlindir til varnar því að auðlindum sé spillt eða að framkvæmdir valdi hættu eða skaða, sbr. 24. gr. auðlindalaga. Niðurstöður sem fengnar eru við rannsókn auðlinda eru forsendur nýtingarleyfis og eftirlitsgögn sem safnað er við nýtingu auðlinda eru grundvöllur framlengingar á nýtingaleyfum. Af þessum sökum þarf eftirlitsaðili að halda gagnagrunn um rannsóknir og nýtingu auðlinda.

MEÐFERÐ UPPLÝSINGA

Upplýsingar, sem rannsóknarleyfishafi veitir Orkustofnun eða öðrum opinberum aðilum samkvæmt auðlindalögum um rannsóknir svo og niðurstöður rannsókna á innsendum sýnum, eru bundnar trúnaði eins og nánar segir í rannsóknarleyfi. Það er þó hlutverk Orkustofnunar að miðla upplýsingum til stjórnvalda og almennings í skilningi laga um Orkustofnun og því kunna upplýsingar sem veittar eru af hálfu landeiganda eða leyfishafa að vera gerð opinberar almenningi.

BORHOLUR

Skilaskyld gögn um borholur, sem boraðar eru til rannsóknaðar eða nýtingar jarðhita eða til öflunar nytjavatns eru annars vegar gögn um holurnar sem mannvirki og hins vegar gögn sem holurnar veita um viðkomandi auðlind.

Mannvirkjaleg atriði borhola eru t.d.:

- Staðsetning holu (hnit, staðarnafn, svæðisnafn og landnúmer)
 - Orkustofnun gefur holunni heiti og staðarnúmer í gagnagrunni.
- Dýpi holu miða við yfirborð og fóðringar, þvermál þeirra og lengd sem tryggir að grunnvatn spilli ekki jarðhita og/eða að yfirborðsvatn spilli ekki grunnvatni
- Þvermál borkróna sem notaðar eru við borun
- Borár, bortímabil.

Upplýsingar um auðlindina sem holurnar veita eru t.d.:

- Rennsli úr holu
- Vatnsborð og/eða rennsli úr holu þegar bor er tekinn frá holu
- Hitastig eða vermi borholuvökva
- Staðsetning vatnsæða sem vart verður við í borun
- Jarðalagasnið
- Efnasamsetning borholuvökva
- Hitastig og þrýstingur í jarðhitakerfi, ef um jarðhitaborun er að ræða

Við jarðboranir, sem framkvæmdar eru samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998, (auðlinda-lögum), þar með taldað jarðboranir landeiganda, skv. 22. gr. laganna, skal færa dagbók er gefi upplýsingar um staðsetningu holunnar, jarðlög, gerð þeirra og dýpi, hvenær vatn eða gufa kemur í holuna, hitastig o.fl. Skyli er að láta Orkustofnun í té afrit af borskýrslu (dagbók jarðborunar) eigi síðar en einum mánuði eftir að borun er lokið. Orkustofnun getur krafist þess að berg- og jarðvegssýnishorn séu varðveitt.

Leyfishafa jarðborunar er skylt að tilkynna Orkustofnun þegar í stað er heitt vatn eða gufa kemur upp eða eykst í borholu. Ef verðmæt jarðefni finnast við jarðborun skal þegar í stað tilkynna það til Orkustofnunar.

Óheimilt er, skv. 24. gr. laga nr. 57/1998, að spilla jarðhitasvæðum eða grunnvatni hvort sem það er með ofanburði, framræslu eða með öðrum hætti. Mannvirki öll til hagnýtingar á auðlindum skulu þannig úr garði gerð að af þeim stafi hvorki hætta né veruleg óþægindi fyrir umferð.

Þegar notkun borhola er hætt skal leyfishafi eða eigandi þeirra loka þeim tryggilega þannig að jarðvatn spilli ekki jarðhita eða að yfirborðsvatn spilli ekki grunnvatni og merkja holuna.

JARÐHITANÝTING

Landeiganda eða leyfishafa ber að skila Orkustofnun ákveðnum upplýsingum um eðli og umfang auðlinda, upplýsingum um heildarmagn og mat á verðmæti auðlindar sem nýtt hefur verið. Eftir því sem við verður komið er æskilegt að gögnum verði skilað á stafrænu formi. Upplýsingar sem leyfishafi skal senda Orkustofnun árlega vegna nýtingar- og virkjunarleyfis eru:

- Mánaðarlegt heildarmagn af jarðhitavökva sem unninn er úr jarðhitageyminum (kg) ásamt uppteikt á hverju almanaksári (Tg).
- Mánaðarlegt heildarmagn af jarðhitavökva sem unninn er úr hverri borholu á jarðhitasvæðinu (kg).
- Mánaðarlegt magn af vökva sem dælt er niður í jarðhitakerfið (kg) ásamt niðurdælingu á hverju almanaksári (Tg).
- Mánaðarlegur afflestur á hitastigi vatns sem dælt er niður í jarðhitakerfið (°C).
- Mánaðarlegar vatnsborðsmælingar í þeim borholum sem tengjast jarðhitasvæðinu og hægt er að mæla vatnsborð í (m).
- Mælingar sem gerðar eru á þrýstingi eða niðurdrætti í jarðhitageymi (MPa/bar).
- Mælingar sem gerðar eru á vermi borholuvökva úr hverri borholu sem nýtt er á jarðhitasvæðinu (kJ/kg) og tilheyrandi gögn því til stuðnings.
- Hita- og þrýstingsmælingar í borholum sem gerðar eru á jarðhitasvæðinu.
- Efnagreiningar sem gerðar eru á jarðhitavatni (og gufu þar sem það á við).
- Niðurstöður hermireikninga sem gerðir eru fyrir jarðhitakerfið.
- Mælingar sem gerðar eru til þess að fylgjast með breytingum í jarðhitakerfinu.
- Upplýsingar um nýboranir á vinnslusvæði.
- Niðurstöður um gerð jarðhitakerfisins sem fást með nýborunum.

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík 22. maí 2012

Efni: Rannsóknaráætlun vegna tilraunaborana á Keilisnesi

Í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Vogum er skilgreint 100 hektara iðnaðarlóð á Keilisnesi. Þessi lóð gæti hentað vel til uppbyggingar matvælaframleiðslu s.s. fiskeldi ef nægt vatn er fáanlegt. Tilgangur rannsóknarinnar er að kanna magn og hitastig á köldu vatni í nálægð við iðnaðarsvæðið á Keilisnesi. Ef rannsóknir á köldu vatni gefa jákvæðar niðurstöður með tilliti til matvælaframleiðslu s.s. fiskeldi á Keilisnesi verður rannsakað með tilraunaborun magn og hitastig á heitu vatni. Hér er eingöngu um að ræða tilraunaboranir en ekki boranir á vinnsluholum.

Rannsóknarsvæðið afmarkast annars vegar af svæði fyrir tilraunaborun á köldu vatni og hinsvegar af svæði fyrir tilraunaborun á heitu vatni.

Hnitsetning fyrir tilraunaborun á köldu vatni er: $X=340894.988$ $Y=394630.995$ með 50 m radíus umhverfis punkt.

Hnitsetning fyrir tilraunaborun á heitu vatni er: $X=339970.114$ $Y=395165.107$ með 25 m radíus umhverfis punkt.

Undirbúningsvinna vegna tilraunaborana hefur staðið yfir síðustu mánuði. Fyrirhugaðar boranir verða unnar í eftirfarandi áföngum og tímaramma:

1. Kalda vatnið er grunnþáttur fyrir frekari athugun á möguleika þess að hefja uppbyggingu á matvælaframleiðslu á Keilisnesi. Í fyrstu verður framkvæmd tilraunaborun eftir köldu vatni. Ekki verður hugað að tilraunaborun eftir heitu vatni nema að búið er að ganga úr skugga um að nægt kalt vatn er til staðar fyrir matvælaframleiðslu s.s. fiskeldi. Gert er ráð fyrir að tilraunaboranir, mælingar og greiningar á köldu vatni standi yfir í 4-8 vikur frá því að boranir hefjast. Gert er ráð fyrir að tilraunaboranir geti hafist í júlí 2012 og ljúki í október 2012. Þó gæti þessi tímarammi hliðrast eitthvað til vegna sumarleyfa og anna hjá borunarfyriertækjum og greiningaraðilum.
2. Tilraunaboranir á heitu vatni verða ekki framkvæmdar fyrr en fyrir liggja upplýsingar um magn af köldu vatni. Komí í ljós að nægt magn af köldu vatni fyrir matvælaframleiðslu er að finna í nálægð við iðnaðarsvæðið á Keilisnesi verður kannað með magn og hita á heitu vatni. Gert er ráð fyrir að tilraunaboranir, mælingar og greiningar á heitu vatni standi yfir í 6-10 vikur frá framkvæmdir hefjast. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í október 2012 og ljúki í janúar 2013.


Allar framkvæmdir verða unnar í samstarfi við Sveitarfélagið Voga og tryggt að öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

Virðingarfyllst




Stefanía K. Karlsdóttir

Íslensk matorka ehf
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík




Keilisnes Vatnsleysuströnd




Yfirlit yfir Keilisnesið. Athugun á köldu vatni verður þar sem blár hringur er staðsettur og athugun á heitu vatni þar sem rauður hringur er staðsettur.

[Handwritten signature]



Hér má sjá hvar fyrirhugað er að kanna með borholu magn af köldu vatni.



Hér má sjá hvar fyrirhugað er að kanna magn af heitu vatni þar sem rauður hringur er staðsettur.

Íslensk matorka ehf
Stefanía Katrín Karlsdóttir
Suðurlandsbraut 6
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. maí 2012
Tilvísun: 2011120009/50.4.3
Verknúmer: 1073000

Efni: Rannsóknarleyfi á heitu og köldu vatni á Keilisnesi

Orkustofnun vísar til umsóknar Íslenskra matorku ehf. dags. 1. desember 2011, um leyfi til rannsókna á heitu og köldu vatni á Keilisnesi í landi Flekkuvfukur og Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd í sveitarfélaginu Vogum, í samræmi við III. kafla laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 (auðlindalaga). Viðbótargögn varðandi þrengri afmörkun svæðis og rannsóknaráætlun bárust 3. apríl, sl., 9. og 22. maí sl.

Með vísan til 4. mgr. 5. gr. auðlindalaga var fram komin umsókn Íslenskrí matorku ehf. send til umsagnar umhverfissráðuneytis þann 13. desember 2011, sem leitaði álits Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá var, í samræmi við ákvæði 13. og 14. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, leitað umsagnar landeigenda, forsætisráðuneytisins og Sveitarfélagsins Voga og einnig fjármálaráðuneytisins og HS Veitna hf., sem meintra aðila máls, dags. 16. desember 2011.


Orkustofnun barst umsögn umhverfissráðuneytis, dags. 10. febrúar sl., þann 13. s.m. Umsögn forsætisráðuneytis, dags. 31. janúar, barst stofnuninni þann 2. febrúar sl. þar sem vísað var til Fasteigna ríkisins sem svaraði með tölvubréfi þann 29. febrúar sl. Umsögn sveitarfélagsins Voga dags. 1. febrúar sl., barst þann 3. s.m., umsögn HS Veitna dags. 16. febrúar sl., barst þann 20. s.m. og umsókn fjármálaráðuneytisins dags. 16. febrúar sl., barst þann 17. s.m.

Í umsögn umhverfissráðuneytis kemur fram að ráðuneytið leitaði álits Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 23. janúar sl. kemur m.a. fram að þrátt fyrir að stofnunin geri ekki athugasemdir við rannsóknir á köldu og heitu vatni, þá telji stofnunin að rannsóknirnar eins og þeim er lýst í gögnum sem erindinu fylgdu geti valdið skaða á ósnertu hrauni. Náttúrufræðistofnun vísar einnig í umsögn sinni á 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og að stofnunin geti ekki mælt með rannsóknum sem geti valdið varanlegum skemmdum. Náttúrufræðistofnun telur því að eingögnu eigi að heimila rannsóknir með þeim skilyrðum að tryggt sé að ekki verði varanlegar skemmdir á hrauni vegna slóðagerðar á þeim svæðum þar sem tilraunaboranir eiga að fara fram og að eins litlu verði raskað og mögulegt er eins og kemur fram í gögnum með erindinu.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni dags. 30. janúar sl., að eldhraun njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd. Einnig bendir stofnunin á I. kafla laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem fram kemur að tryggja skuli, áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, fari fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar.

Umhverfissráðuneyti tekur undir framangreind álit Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Tryggja þarf að ekki verði varanlegar skemmdir á hrauni vegna slóðagerðar og almennt að raski verði haldið í lágmarki. Þá segir í umsögn ráðuneytisins að eðlilegt sé að bíða með útgáfu rannsóknarleyfis a.m.k. þar til álit Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmdarinnar liggja fyrir.



Ekki voru gerðar athugasemdir að hálfu annarra umsagnaraðila varðandi útgáfu rannsóknarleyfisins.

Orkustofnun hefur farið yfir umsókn Íslenskri matorku ehf. og umsagnir sem stofnuninni bárust.

Orkustofnun bendir á að um er að ræða umsókn um leyfi til rannsókna á heitu og köldu vatni á Keilisnesi og að í leyfinu felast engin fyrirheit um nýtingu á svæðinu í kjölfarið. Ítrekar Orkustofnun það sem segir í 2. mgr. 1. gr. leyfisins um að leyfið veitir ekki heimild til nýtingar á jarðrænum auðlindum.

Orkustofnun tekur undir þá umsögn umhverfisráðuneytis að mikilvægt sé að raski sé haldið í lágmarki og gengið sé um svæðið af mestu varkárni og í samræmi við náttúruverndarlög, nr. 44/1999, einkum ákvæði 17., 34., 35., 37. og 38. gr. laganna. Að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða eftir fremsta megni þannig að sjónrænum áhrifum af rannsóknum verði haldið í lágmarki. Orkustofnun ítrekar enn fremur að leyfishafi gæti ákvæða 7., 8., og 9. gr. leyfisins við framkvæmd leyfisins.

Þá telur Orkustofnun mikilvægt að þess sé gætt, komi ekki til nýtingar síðar meir, að frágangur verði með þeim hætti að ummerki vegna framkvæmdanna verði fjarlægð.

Þá ítrekar Orkustofnun einnig það lögformlega skilyrði að önnur leyfi skuli liggja fyrir sem lög kveða á um áður en framkvæmdir hefjast, sbr. 5. og 16. gr. leyfisins. Í þessu samhengi bendir Orkustofnun á að lögum nr. 57/1998 er ekki ætlað að hrófla við eða vikja úr vegi löggjöf og reglum á sviði umhverfis-, náttúruverndar- og skipulagsmála, hvorki að því er varðar rannsóknir né nýtingu auðlinda. Lögnum er ekki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd eða skipulagsmálum, sem tengjast rannsóknum eða nýtingu þessara auðlinda. Um þau atriði gilda ýmis lög á sviði umhverfis- og skipulagsmála og eiga þau einnig við um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögnum. Er þetta áréttað í 1. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þar sem segir að um rannsóknir og nýtingu samkvæmt lögnum gildi einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varði rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða.

Samkvæmt lögum er það Skipulagsstofnunar að ákveða hvort rannsóknarborun skuli í mat á umhverfisáhrifum. Þá er það í höndum skipulagsyfirvalda á hverjum stað að ákveða skipulag þess svæðis sem ætlunin er að rannsaka. Auk þessa eru rannsóknarboranir háðar ýmsum leyfum sveitarfélaga, s.s. starfsleyfi, framkvæmdaleyfi og/eða byggingarleyfi. Þá kann rannsóknarleyfishafi eftir atvikum að þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Í rannsóknarleyfi til handa Íslenskri matorku ehf. er þ.a.l. í 16. gr. skýrt tekið fram að leyfið sé háð almennum gildandi réttarreglum á hverjum tíma. Það undanþiggi ekki leyfishafa frá því að sækja um leyfi vegna starfsemi sinnar sem að öðru leyti er mælt fyrir um í lögum, nr. 57/1998, eða öðrum lögum sem starfsemin fellur undir.

Þá bendir Orkustofnun á að í leyfinu er að finna fyrirvara um að rannsóknarboranir, sem og aðrar framkvæmdir, falli undir framkvæmdir sem kunnir að vera háðar mati á umhverfisáhrifum, skipulagsskyldar framkvæmdir skuli vera í samræmi við skipulagsáætlanir, afla skuli framkvæmdaleyfa og byggingarleyfa viðkomandi sveitarstjórnar og að afla skuli starfsleyfis hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd. Þá er skýrt kveðið á um að leyfishafa beri í hvívetna að fara að lögum í umgengni um rannsóknarsvæði, taka tillit til umhverfissjónarmiða við rannsóknir og framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Er sérstaklega bent á að um vernd rannsóknarsvæðis gildi lög um náttúruvernd.

Eins og fram kemur í 5. gr. laga nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, felur rannsóknarleyfi í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum,

rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega. Í 3. mgr. 1. gr. laganna segir að um rannsóknir og nýtingu, samkvæmt lögnum, gildi einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða. Í lögnum er ekki gerður greinarmunur á því hvort um er að ræða leyfi til leitar eða rannsókna. Rannsóknarleyfi er leyfi til leitar og rannsókna. Lögin skilgreina ekki frekar hvað felist í rannsóknum eða hvaða skilyrði eru sett fyrir einstökum rannsóknarframkvæmdum. Rannsóknarboranir eru þannig ekki háðar leyfisveitingu Orkustofnunar.

Með vísan til framanritaðs vekur Orkustofnun athygli á að umrætt rannsóknarleyfi felur í sér almennt leyfi til rannsókna, en ekki leyfi til einstakra rannsóknarframkvæmda, hvort sem er yfirborðsrannsókna eða rannsóknarborana. Lögum nr. 57/1998 er hvorki ætlað að taka með heildstæðum hætti á umhverfismálum, náttúruvernd og skipulagsmálum, né hrófla við eða víkja úr vegi þeirri löggjöf. Því gilda t.d. ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um náttúruvernd og skipulagslaga um allar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa þrátt fyrir útgáfu þessa rannsóknarleyfis. Fyrirhugaðar framkvæmdir rannsóknarleyfishafa í kjölfar útgáfu þessa rannsóknarleyfis eru því háðar leyfum þar til bærri yfirvalda. Rannsóknarleyfi þetta raskar því á engan hátt þeirri vernd sem náttúru og umhverfi er tryggð með öðrum lögum.

Með vísan til framanritaðs og í samræmi við III. kafla laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, veitir Orkustofnun hér með Íslenskri matorku ehf. rannsóknarleyfi á heitu og köldu vatni á Keilisnesi í landi Flekkuvíkur og Kálfatjarnar á Vatnsleysuströnd, í sveitarfélaginu Vogum, sbr. meðfylgjandi leyfi ásamt fylgiskjölum.

Gjald vegna veitingar rannsóknarleyfis þessa er 41.500 kr., sbr. 34. gr. laga, nr. 88/1991, með áorðnum breytingum. Rannsóknarleyfið er afhent við greiðslu gjaldsins.


Ákvarðanir Orkustofnunar er lúta að veitingu, endurskoðun og afturköllun leyfa samkvæmt auðlindalögum, sæta kærnu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 33. gr. laganna. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina nr. 130/2011.

Stjórnvaldsákvarðanir Orkustofnunar sem ekki má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sæta kærnu til ráðherra. Kæra til ráðherra skal vera skrifleg. Um meðferð máls fer að öðru leyti skv. ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Skuli Thoróðsen



Kristinn Einarsson

Fylgiskjöl:

Rannsóknarleyfi ásamt fylgiskjölum